



27. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 15. október 2021 á Fosshótel Húsavík

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GP), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Lárus B. Lárusson (LBL), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Gissur Jónsson (GJ) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 13:00
2. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra.
 - AIP var ekki komin inn á fundinn undir þessum lið. HV gerði grein fyrir starfsemi frá síðasta stjórnarfundum, m.v. upplýsingar frá AIP.
3. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar:
 - 4. og 5. fundargerð Fjárhags- og fasteignanefndar. - afgreiðslu vísað til 4. liðar.
 - 40. fundargerð framkvæmdastjórnar.
 - 24. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2021.
 - 6. fundargerð stjórnar Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ.
4. Húsnæðismál
 - Öryrkjabandalag Íslands hefur nýlega lýst yfir áhuga á að kaupa þinglýstan eignarhlut UMFÍ við Sigtún 42. Fjárhags- og fasteignanefnd UMFÍ lagði til eftirfarandi tillögu fyrir 52. Sambandsþing UMFÍ:

52. sambandsþing UMFÍ haldið á Húsavík 15. – 17. október 2021 heimilar stjórn UMFÍ að selja húseign samtakanna að Sigtúni 42 ef ásættanlegt tilboð berst með vísan til fyrri samþykktar sambandsráðsfundar á Ísafirði þann 20. október 2018. Jafnframt er stjórn heimilað að kaupa nýtt húsnæði sem hentar starfsemi samtakanna. Auk þess er stjórn heimilt að taka á leigu húsnæði þangað til ásættanlegt húsnæði finnst.

Þeir fjármunir sem fást fyrir fasteign samtakanna skulu ávaxtaðir með kaupum á ríkisskuldabréfum. Stjórn UMFÍ er ekki heimilt að ráðstafa söluandvirði Sigtúns 42 til annars en kaupa og endurbóta á framtíðarhúsnæði fyrir starfsemi hreyfingarinnar.

Verði söluandvirði Sigtúns 42 hærra en nemur kaupverði nýs húsnæðis skal ákvörðun um ráðstöfun eftirstöðva tekin á Sambandsþingi eða Sambandsráðsfundi, eftir því hvort kemur fyrir.

Stjórn samþykkir framlagða bókun og mun óska eftir því að hún verði tekin til afgreiðslu 52. Sambandsþings UMFÍ.
5. Fjármál,
 - GS fór yfir rekstraryfirlit fyrstu 9 mánuði ársins 2021.

6. Frá aðalfundi NordUng (áður NSU).

- GG fór á aðalfund NordUng í byrjun september og sagði frá því sem þar var gert.

7. Heiðranir

- Samþykkt að veita fjögur gullmerki.

Alþ kom inn á fundinn kl. 14:45.

8. 52. Sambandsþing UMFÍ.

- Þingið fer fram um helgina. Á kjörbréfum eru 107 þingfulltrúar. Þingforsetar verða Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Jóhanna Kristjánsdóttir.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 15:00